

Borholur í Gufudalshreppi (4503)



Haukur Jóhannesson


Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/013


Máí 2013

Inngangur

Gert er grein fyrir staðsetningu borholna í Gufudalshreppi hinum forna. Þar eru fjórar holur sem boraðar hafa verið vegna jarðhitaleitar. Þrjár í Djúpadal og ein í Gufudal. Átta mannvirkjaholur eru skráðar en ekki var leitað að þeim. Mannvirkjaholur GDS-06 og GDS-07 eru í landi Neðra-Gufudals og munu vera í lághlíðinni upp af vestara fjarðarhorninu. Ekki er vitað í hvaða landareignum mannvirkjaholurnar sem sagðar eru vera í Kollafirði eru. Staðsetningar eru sýndar á 1. og 2. mynd og nánari upplýsingar eru í 1. töflu.



1. mynd. Staðsetning borholna í Djúpadal í Gufudalshreppi hinum forna.



2. mynd. Staðsetning borholu í Gufudal í Gufudalshreppi hinum forna. Hliðrun er í kortgrunninum og er hola GD-01 utan við ána þar sem örin bendir.

1. tafla. Upplýsingar um borholur í Gufudalshreppi hinum forna.

Staðarnr.	Holunr.	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
35700	DD-00	Djúpidalur				
35701	DD-01	Djúpidalur	35	1986	65° 34.903	22° 16.751
35702	DD-02	Djúpidalur	310,6	1987	65° 34.896	22° 16.699
35851	GD-01	Neðri-Gufudalur	42	1991	65° 34.401	22° 24.793
35861	GDS-01	?	12	2004		

35862	GDS-02	?	6,5	2004		
35863	GDS-03	?	18,5	2004		
35864	GDS-04	?	13,5	2004		
35865	GDS-05	?	6,4	2004		
35866	GDS-06	?	15,4	2004		
35867	GDS-07	Neðri- Gufudalur	30,2	2004		
35868	GDS-08	Neðri- Gufudalur	15,5	2004		

DD-00 - Djúpidalur

Ekkiert er vitað um þessa holu en hún er líklega rétt við holu DD-01.

DD-01 - Djúpidalur

Hola DD-01 er á litlum palli sem grafinn hefur verið inn neðst í hlíðinni undir Laugarhjalla. Holan sést nú ekki lengur (3. mynd).



3. mynd. Staðsetning borholu DD-01 í Djúpadal í Gufudalshreppi hinum forna. Holan var þar sem örin vísar.

DD-02 - Djúpadalur

Borhola DD-02 er uppi á Laugarhjalla skammt frá þeim stað þar sem laugin var fyrrum. Umbúnaður er þokkalegur en þó er holutoppurinn nokkuð farinn að ryðga. Afrennsli af holunni fer um rör fram af hjallanum. Holan er nýtt til upphitunar á húsum í Djúpadal og í innisundlaug sem þar er.



4. mynd. Borhola DD-02 í Djúpadal.

Neðri-Gufudalur – GD-01

Borholan er inn við Álftadalsá og því rétt við merkin við Fremri-Gufudal. Hóla er í vegkantinum og er við það að hverfa undir ofaníbúð. Annars er hola í þokkalegu standi.



5. mynd. Borhola GD-01 í Neðri-Gufudal.